

## AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015,  
frístundabyggð við Múaslóð.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. nóvember 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði vestan Múaslóðar breytist í svæði fyrir frístundabyggð. Jafnframt er athafnasvæði og opið svæði til sérstakra nota flutt austur fyrir Múaslóð og minnkar íbúðarsvæði þar sem því nemur. Afmörkuð er stök frístundahúsalóð við Nónhól.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 10. nóvember 2004.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*